

8. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn á Hótel Laugarhól, Bjarnarfirði, föstudaginn 18. október 2024 kl 9.00.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Finnur Ólafsson, Matthías Lýðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Tryggvi B Bjarnason og Vilberg Þráinsson.

Forföll boðuðu; Arinbjörn Bernharðsson, Árný Huld Haraldsdóttir, Aníta Björk Pálínudóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir og Kristján Þór Kristjánsson.

Einnig sat fundinn Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað sem áheyrnaraðili.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn, annarsvegar frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur, VSÓ ráðgjöf.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

- 1) Frumdrög – undirbúningur fyrir vinnustofu um framtíðarmynd Vestfjarða
- 2) Starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar veturinn 2024-2025
- 3) Önnur mál

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá og við fundarboðun, engar athugasemdir komu fram.

Nú var gengið til dagskrár

1. Frumdrög – undirbúningur fyrir vinnustofu um framtíðarmynd Vestfjarða
Síðar í dag verður 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið á Hótel Laugarhóli, Bjarnarfirði. Efni þingsins er kynning á Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 og vinnustofa um framtíðarsýn Vestfjarða sem lið í gerð vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2029

Hrafnkell kynnti dagskrá og markmið vinnustofunnar.

Meginmarkmið er að horfa til ársins 2050 og að ná með breiðastri samstöðu um hvaða viðmið verða settar fyrir svæðisskipulagið varðandi lýðfræðilega þróun, þróun atvinnulífs og samfélags og stilla miðið fyrir þá tillögu að stefnu svæðisskipulagsins.

Framsögur verða að hálfu skipulagsráðgjafa og um stöðu og næstu skref í vinnu nefndarinnar og sérfræðingur mun kynna greiningu á lýðfræðilegri þróun út frá þrem framtíðarmyndum. Formaður og varaformaður munu kynna sínar greiningar á áskorunum og hvaða verkefnum sveitarfélögin standa frammi fyrir út frá vali á framtíðarmynd.

Vinnustofa þingfulltrúa og starfsmanna Vestfjarðastofu munu fjalla um mögulega framtíð árið 2050 út frá þeirri framtíðarmynd sem hvert vinnuborð kemur sér saman um. Eftir kynningu á niðurstöðum vinnuborða verði kosið um hvaða framtíðarmynd vinnustofan

Í framhaldinu verður kosning milli framtíðarmynda um val á einni mynd, þær kosningar verði leynilegar og niðurstaða birt síðar á Fjórðungshringinu.

Til máls tóku, Matthías, Sigríður, Herdís, Hrafnkell, Aðalsteinn, Lilja

2. Starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar veturinn 2024-2025

Herdís og Hrafnkell kynntu upplegg fyrir vinnuvefsjá og starfsáætlun fyrir veturinn. Rædd tillaga að mánaðarlegum fundum og efni þeirra sem hér segir

Fundur	Dagssetning	Efni
9. fundur	11. nóvember 2024	Lýðfræðileg þróun
10. fundur	25. nóvember 2024	Náttúra og auðlindir og viðfangsefni því tengd
11. fundur	9. desember 2024	Samfélag og mannaúður og viðfangsefni því tengd

12. fundur	20. janúar 2025	Grunnkerfi og viðfangsefni því tengd
13. fundur	10. febrúar 2025	Yfirferð á niðurstöðum fyrri funda, tengingar og samhengi
14. fundur	10. mars 2025	Drög að vinnslutillögu
15. fundur	31. mars eða 7. apríl 2025	Kynning á vinnslutillögu til almennings s.m.b. 2. mgr 23. gr Skipulagslaga 123/2010

Fundir verði í fjarfundi, hefjist kl 13.00 og standi í tvo tíma, nema 14. og 15. fundir verða staðfundir og áætlaður fundartími um þrjú tíma. Fram kom beiðni um að efni 10. fundar verði tekið fyrir á 9. eða 11. fundi nefndarinnar.

Til máls tóku, Lilja, Arnlín, Finnur, Sigríður, Hrafnkell, Matthías

Tillaga að dagsetningum og efni funda samþykkt og eins samþykkt að fela ráðgjafa og starfsmanni nefndarinnar að gera tillögu að breytingu á dagskrá 10. fundar.

3. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10.25